

# Skýrsla stjórnar til hluthafa Skeljungs hf.

Lagt fram á aðalfundi félagsins  
þann 16. mars 2017

## Framkvæmd starfskjarastefnu 2016

### Skeljungur hf.

Bónuskerfi fyrir framkvæmdarstjórn félagsins miðar við raunhagnað félagsins sem reiknast af EBIT að frádraginni 12% ávöxtunarkröfu bundins fjármagns. Bónus reiknast 17% af raunhagnaði umfram áætlun sem lögð var til grundarvallar við kaup á félaginu. Við útreikning bónusgreiðslna er litið til 3-5 atriða sem ákveðin eru í upphafi árs og eru grunnur að frammistöðumati hvers og eins stjórnanda. Reiknaður bónus vegna ársins 2016 er 89,3m, þar af voru kr. 57,5m greiddar út en greiðslu kr. 31,8m frestað í samræmi við reglur bónuskerfisins. Reiknaður bónus vegna hlutabréfatengingar við bónusbanka var 17m fyrir árin 2014-2016 miðað við gengi félagsins í árslok, og er fært sem skuldbinding í samræmi við reglur bónuskerfisins.

Heildarlaun stjórnar, formanns endurskoðunarnefndar, forstjóra og fimm framkvæmdastjóra árinu 2016 námu samtals 202,3m. (168,1m 2015).

Á árinu 2015 var eftirfarandi breyting samþykkt á starfskjarastefnu félagsins:

„Heimilt er að veita starfsmönnum, sem láta af störfum eftir að minnsta kosti 40 ára vinnu fyrir félagið uppbótargreiðslu í 12 mánuði eftir að þeir láta af störfum (þ.e. eftir lok uppsagnarfrests, ef við á) sem nemur mismuninum á launum og lífeyri. Einnig er heimilt að veita starfsmönnum sem láta af störfum eftir 20-40 ára óslitna vinnu fyrir félagið uppbótargreiðslu samkvæmt sama fyrirkomulagi í 6 mánuði, séu þeir 60 ára eða eldri.“

Prír starfsmenn létu af störfum og féllu undir ofangreinda reglu á árinu 2016.

Samkvæmt 4. gr. samþykkt félagsins er stjórn þess heimilt að hækka hlutafé félagsins með áskrift nýrra hluta um allt kr. 81.107.826,- (áttatíu og ein milljón eitthundrað og sjöþúsund áttahundrað tuttugu og sex) að nafnvirði, en þó þannig að hlutafé verði ekki hækkað um meira en 3% m.v. nafnvirði, til þess að efna skuldbindingar gagnvart starfsmönnum Skeljungs hf. og dótturfélaga þess vegna kaupréttar-, kaup- og/eða áskriftarsamninga við starfsmenn, til samræmis við starfskjarastefnu Skeljungs. Hluthafar hafa fallið frá forgangsrétti sínum að aukningarhlutum vegna hækkunar samkvæmt heimild þessari. Heimildin til hlutafjárhækkunarinnar stendur til 1. janúar 2019. Kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við forstjóra og fjármálastjóra Magn P/F. Samningarnir heimila kaup á allt að 27.035.941 hlutum, hvor um sig. Þegar kaupréttirnir voru veittir var verðið 2,82345. Kaupréttarhafar geta kallað eftir kaupum á 26.224.863 hlutum á 14 daga tímabili eftir birtingu níu mánaða reiknings Skeljungs 2017, að því gefnu að innherjaupplýsingar séu ekki fyrir hendi. Því sem eftir stendur geta kaupréttarhafar kallað eftir við starfslok sín, hafi þeir nýtt sér réttinn á fyrra tímabilinu. Skeljungur hefur þegar gjaldfært kostnað vegna samninganna. Nánar er fjallað um kaupréttarsamningana í skráningarlýsingu félagsins, kafla 1.3.9.



Meðfylgjandi eru laun og hlunnindi stjórnar, formanns endurskoðunarnefndar, forstjóra og fimm framkvæmdastjóra fyrir 2015 og 2016.

	2015	2016
Valgeir Baldursson	40.049.168	48.246.835
Ingunn Elín Sveinsdóttir	19.616.484	31.983.314
Ingunn Agnes Kro	13.087.856	22.597.553
Már Erlingsson	31.722.012	34.163.010
Sigurður Orri Jónsson	17.016.653	30.861.547
Benedikt Ólafsson		30.725.611

	2015	2016
Jón Diðrik Jónsson	6.379.092	6.480.000
Birna Ósk Einarsdóttir	2.058.596	3.330.000
Jens M. Rasmussen	3.000.000	3.000.000
Katrín H. Hallgrímsdóttir	3.189.546	1.430.000
Trausti Jónsson		3.810.000
Gunn Ellefsen		2.060.000
Helena Hilmarsdóttir		1.200.000
Benedikt Ólafsson	4.124.071	482.138

Ingunn Agnes Kro var í fæðingarorlofi frá júní 2015 til mars 2016  
Benedikt Ólafsson hóf störf sem fjármálastjóri í febrúar 2016

### Magn P/F

Hjá Magn P/F er í gildi bónuskerfi fyrir framkvæmdastjóra og fjármálastjóra sem miðast við EBIDTA niðurstöðu félagsins umfram tiltekna áætlun. Reiknaður bónus vegna ársins 2016 er DKK 1.171.000 (DKK 906.000 árið 2015).

Stjórnarlaun hjá Magn P/F voru DKK 30.000 á mánuði fyrir stjórnarformann, DKK 10.000 fyrir varaformann stjórnar og DKK 7.500 fyrir stjórnarmann og DKK 7.500 fyrir hvern setinn fund fyrir varastjórnarmann. Í stjórn og varastjórn sitja sömu aðilar og í aðalstjórn Skeljungur.

Heildarlaun stjórnar, forstjóra og fjármálastjóra Magns P/F námu samtals DKK 5,2m á árinu 2016.

Meðfylgjandi eru laun og hlunnindi stjórnar, forstjóra og fjármálastjóra fyrir 2015 og 2016.

(í DKK)	2015	2016
Hendrik Egholm	2.451.979	2.770.380
Johnni Poulsen	1.705.952	1.865.315

(í DKK)	2015	2016
Jón Diðrik Jónsson	204.000	128.000
Jens M. Rasmussen	467.400	360.000
Gunn Ellefsen	0	60.000
Trausti Jónsson	0	0
Birna Ósk Einarsdóttir	0	0
Christian Nagata	180.000	60.000

